
Meistari og frumkvöðull




Pablo Picasso fyrir framan linsu Arnold Newman. Hann var einn frægasti portrettljósmyndari síðustu aldar og beindi linsu sinni meðal annars að listamönnum, rithöfundum og stjórnmálamönnum.

Arnold Newman, einn af fremstu og áhrifamestu portrettljósmyndurum síðustu aldar, lést í vikunni 88 ára að aldri. Newman fæddist í mars árið 1918 í New York og ólst upp í New Jersey og Florida. Hann lagði stund á listnám við Háskólann í Miami og vann fyrir sér við andlitsmyndatökur. Árið 1941 var Newhall uppgötvaður af ljósmyndaranum fræga Alfred Stieglitz og Beaumont Newhall, sýningarstjóra í Museum of Modern Art í New York, sem setti upp sýningu á verkum hans.

Frumkvöðull í gerð umhverfisportretta

Newman hafði gríðarleg áhrif á portrettljósmyndara og er jafnan talinn frumkvöðull í gerð svokallaðra umhverfisportretta, það er að segja portrettmynda af einstaklingum í þeirra hefðbundna umhverfi svo sem vinnustað eða heimili. Í nálgun sinni átti Newman meira sameiginlegt með blaðaljósmyndurum síns tíma svo sem Henri Cartier-Bresson og Alfred Eisenstaedt en hefðbundnum portretljósmyndurum sem einkum unnu í stúdíóum.

Frægasta portrettmynd Newmans, sem jafnframt er gott dæmi



Portretmynd Arnold Newman af tónskáldinu Igor Stravinskíj. Þetta er ein frægasta mynd Newman og gott dæmi um umhverfisportrett en hann er gjarnan talinn til frumherja í þess háttar portrettmyndatöku.

um þennan stíl, er mynd sem hann tók af tónskáldinu Igor Stravinskíj árið 1946. Á myndinni situr Stravinskíj við stóran flygil sem þekur meginhluta hennar. Þó að myndin sé sú frægasta sem Newman tók var henni hafnað af tímaritinu Harper's Bazaar sem fól ljósmyndaranum að taka hana.

Á ferli sínum sem spannaði um 65 ár tók Arnold Newman margar ódauðlegar myndir af mörgum fyrirmönnum heimsins svo sem stjórnmálamönnum, rithöfundum og listamönnum. Myndir hans birtust á forsíðum margra helstu tímarita í Evrópu og Bandaríkjunum auk þess sem fjölmargar bækur liggja eftir hann.



Í ár er öld liðin frá því að Gunnar Gunnarsson gaf út fyrstu bækur sínar og af því tilefni hefur verið sett upp sýning um skáldið á Skriðuklaustri.

Rithöfundarafmæli á Skriðuklaustri

Í ár eru liðin 100 ár frá því fyrstu bækur Gunnars Gunnarssonar komu út hjá Oddi Björnssyni á Akureyri. Það voru ljóðabækurnar Vorljóð og Móður-minning sem Gunnar fékk útgefnar aðeins 17 ára gamall, ári áður en hann hélt til Danmerkur þar sem hann öðlaðist frægð og frama sem rithöfundur. Í tilefni 100 ára rithöfundarafmælis Gunnars mun Gunnarsstofnun opna nýja sýningu um skáldið á Skriðuklaustri í dag, laugardaginn 10. júní. Á sýningunni eru munir úr eigu skáldsins, myndir og textar sem varpa ljósi á Gunnar og verk hans. Við opnunina munu Daníel Þorsteinsson, píanóleikari, og Hulda Björk Garðarsdóttir, sópran, flytja lög þriggja erlendra tónskálda við kvæði Gunnars. Lögin voru samin á fyrri hluta síðustu aldar og hafa sum aldrei verið flutt opinberlega hér á landi.



Ein af ljósmyndum hollenska ljósmyndarans Rob Hornstra sem hann tók á ferðum sínum um Ísland á síðasta ári.

Síðustu forvöð

Sýningu Listasafns Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum um ævintýraskáldið Hans Christian Andersen lýkur á morgun, sunnudag. Um er að ræða innsetningar sem unnar eru út frá hugarheimi hins mikla sagnaskálds af þremur af fremstu listamönnum samtímans, Joseph Kosuth og hjónunum og samstarfsfólkinu Ilya og Emilia Kabakov.

Bæði Kosuth og Kabakovhjónin eru frumkvöðlar innan samtímalistarinnar. Joseph Kosuth var einn af máttarstólpum listaheimsins í New York á sjöunda áratugnum, þegar grunnur var lagður að konseptlistinni og hefur síðan þá verið lifandi goðsögn innan myndlistarheimsins. Það sama má segja um Ilya Kabakov, sem er þekktur sem „faðir Moskvu konseptsins" og einn fremsti listamaðurinn sem kom frá fyrrum Sovétríkjunum. Síðan 1989 hefur hann starfað með eiginkonu sinni, Emiliu, að ævintýralegum innsetningum sem hafa heillað sýningargesti allra helstu listasafna heimsins.

Sýningin var fyrst sett upp í Nikolaj nýlistasafninu í Kaupmannahöfn á síðasta ári og er unnin í samstarfi við safnið.

Leiðsögn verður um sýninguna á morgun kl. 15.

Rætur rúntsins

Þá fer enn fremur hver að verða síðastur að sjá sýninguna Rætur rúntsins í Myndasal Þjóðminjasafns Íslands því framundan er síðasta sýningarhelgin 10.-11. júní. Á sýningunni gefur að líta ljósmyndir hollenska ljósmyndarans Rob Hornstra frá ferðum hans um Ísland á síðastliðnu ári. Rob Hornstra var einn sex þátttakenda í evrópsku ljósmyndaverkefni á vegum International Photography Research Network við háskólann í Sunderland í Englandi, en Þjóðminjasafn Íslands var samstarfsaðili að verkefninu árið 2005. Meginþema verkefnisins var atvinna og þess vegna ákvað Rob að einbeita sér að starfsfólki í fiskiðnaði og ferðast um þorp landsins. Meðal þess sem vakti áhuga hans var rúnturinn því í litlum þorpum fer ungt fólk á rúntinn til að drepa tímann.

IB NÁM
Í MENNTASKÓLANUM VIÐ HAMRAHLÍÐ
Spennandi valkostur fyrir metnaðarfulla nemendur



MH er aðili að International Baccalaureate samtökunum (IBO) og býður upp á tveggja ára námsbraut sem býr nemendur undir háskólanám. Að jafnaði hefst IB námið eftir eins árs nám á framhaldsskólastigi og lýkur tveimur árum seinna með alþjóðlegum samræmdum prófum. IB stúdentspróf veitir ekki lakari réttindi til framhaldsnáms en íslenskt stúdentspróf en þeir sem hafa öðlast IB prófskírteini geta fengið inngöngu í fjölda virtra háskóla um allan heim, m.a. í Evrópu og Bandaríkjunum. Auk hins bóklega náms er lögð mikil áhersla á að þroska nemendur og efla félagsanda þeirra með ýmsum sameiginlegum verkefnum.

Hamrahlíð College (MH) is a member school of the International Baccalaureate Organization (IBO). This gives the College the right to offer the IB Diploma Programme, a comprehensive pre-university curriculum. Taught in English, the two-year course ends with standardised exams recognised by universities worldwide. The school also offers a preliminary year for younger students. IB diploma graduates have been accepted by numerous leading universities worldwide. In the IB, students learn more than just academic subjects as they are encouraged to develop a strong sense of their own identity and culture and to develop an understanding of people from other countries and cultures.

Kynningardagur mánudaginn 12. júní næstkomandi í MH.
Formlegur umsóknarfrestur er til og með 12. júní.

Upplýsingar veitir
Aldís Guðmundsdóttir, IB stallari
Í síma 595 5233
aldisg@mh.is og ibstallari@mh.is

http://www.mh.is